

## Þingskjal 9

## Tillaga til lagabreytinga

## Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lög in er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

## LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

## IV. KNATTSPYRNUÞING

## 13. grein - Dagskrá

13.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
- b. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- c. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- d. Ávörp gesta.
- e. Álit kjörnefndar og það samþykkt.
- f. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- g. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- h. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- i. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- j. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaðir reikningar, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF**
- k. Umræður um skýrslu fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF.**
- ~~l.~~ Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- ~~m.~~ Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- ~~n.~~ Önnur mál.
- ~~o.~~ Kosningar. Álit kjörnefndar.
  1. Kosning stjórnar.

- a. Kosning formanns (annað hvert ár).
  - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
  - d. Kosning 3ja varamanna í stjórn (annað hvert ár).
  2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
    - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
    - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
  3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
  4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
  5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn annað hvert ár).
  6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ.
    - a. Kosning 3ja manna í áfrýjunardómstól
    - b. Kosning 5 varamanna í áfrýjunardómstól
  7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn annað hvert ár).
  8. Kosning í leyfisdóm KSÍ.
    - a. Kosning 5 manna í leyfisdóm (annað hvert ár).
    - b. Kosning 3 varamanna í leyfisdóm (annað hvert ár).
  9. Kosning í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ
    - a. Kosning 3 manna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
    - b. Kosning 3 varamanna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
  10. Kosning í siðanefnd KSÍ
    - a. Kosning 3 manna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
    - b. Kosning 3 varamanna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
  11. Kosning fulltrúa í kjaranefnd.
    - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
    - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
  12. Kosning kjörnefndar (3 menn annað hvert ár).
  - ~~p. n.~~ Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn og eins fulltrúa varamanns í stjórn (annað hvert ár).
  - ~~r. e.~~ Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
  - ~~s. þ.~~ Þingslit.
- 13.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

#### Greinargerð

Íslenskur Toppfótbolti – samtök félaga með lið í efstu deildum í knattspyrnu (ÍTF), hefur þann tilgang samkvæmt 3. gr. í samþykktum félagsins að skapa aðildarfélögum sem best rekstrarskilyrði, stuðla að vexti og framgangi íslenskrar knattspyrnu, skipuleggja mótahald í efstu deildum í samráði við KSÍ og sjá m.a. um

samningsgerð vegna markaðs- og sjónvarpsréttinda. Þá hefur fulltrúi ÍTF sæti í stjórn KSÍ. ÍTF fær árlegan styrk frá KSÍ til þess styrkja starfsemi skrifstofu ÍTF og jafnframt hefur ÍTF skrifstofuaðstöðu í höfuðstöðvum KSÍ. Samstarf ÍTF og KSÍ er einnig með ýmsum öðrum hætti þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru talsverðir. Hins vegar eru fleiri aðildarfélög KSÍ sem standa utan ÍTF en innan sem hafa engu að síður mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Samkvæmt 5. gr. laga KSÍ skulu aðildarfélög ástunda góða stjórnarhætti og vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda sem á þá væntanlega einnig við um ÍTF. Í því hlýtur að felast gagnsæi í vinnubrögðum gagnvart öllum aðildarfélögum KSÍ. Því er lagt til að í dagskrá knattspyrnuþings verði bætt við dagskrárlið þar sem fráfandi stjórn ÍTF leggi fram skýrslu ÍTF, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF. Jafnframt verði öðrum dagskrárlið bætt við þar sem fram fari umræða um sömu liði. Þetta er í anda sáttmála ÍTF að vinna að heilindum með öðrum félögum, leita leiða til málamiðlana og lausna ef ágreiningur hvers konar kemur upp á milli aðildarfélaganna. Tillagan er einnig í anda laga KSÍ að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu og stuðla að góðum stjórnarháttum félaga innan vébanda KSÍ.

## Þróttur Vogum